

Nr. 068 / 16 Jón Vídalín VE 82***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 1275
Útgerð: Vinnslustöðin ehf
IMO 7300722
Smíðaður: Muroran Japan 1972, stál
Stærð: 548,4 brl. 808,8 bt.
Mesta lengd: 55,82 m Skráð lengd: 51,45 m
Breidd: 9,5 m Dýpt: 6,5 m
Vél: Niigata 1691kW, 1986
Fjöldi skipverja: 13



Jón Vídalín ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 20. febrúar 2017 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 8. febrúar 2016 var Jón Vídalín VE 82 á togveiðum á Melsekk. Veður: NA 14-16 m/s.

Skipverjar voru að taka trollið inn með gilsunum vegna bilunar í spili en við það slitnaði keðjuvasi með þeim afleiðingum að bugt á togvírnum slóst í hægri fót eins þeirra sem fótbrotnaði.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var að störfum í skutrenninni við að færa upp á keðjuvasanum;
- að þegar átakið var orðið of mikið slitnaði keðjuvasinn en ekki var vitað hvað hann var gerður fyrir mikið álag;
- að spilmótor fyrir togspilið var bilaður og það því óvirkt.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.